

## **Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 16. 04. 2008**

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps miðvikud. 16. apríl 2008 kl. 17:00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Tryggvi Gunnlaugsson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Albert Jensson og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

Áður en gengið var til dagskrár var samþ. samhljóða að bæta við nýjum lið, 2 g), fundargerð SBU frá 14. apríl 2008, en hún hafði verið send sveitarstjórn í tp. fyrir fund.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o. fl.:**

- a) Samanburður á FJ-2008 og ýmsum tekjuliðum er nú liggja fyrir / eru vísb. um. Fyrir fundinum lágu útreikningar sveitarstjóra á væntanlegum greiðslum úr jöfnunarsjóði á þessu ári annars vegar með hliðsjón af áætlun sveitarstjórnar þar um og hins vegar fasteignagjalda tengdar tekjur eftir að álagning fór fram með hliðsjón af áætlun þar um. lagt fram til kynningar.
- b) Félagslegar íbúðir. Áframhaldandi umfjöllun um hvort selja eigi fleiri félagslegar íbúðir og þá hverjar. Ákveðið var að vísa málinu til húsnæðisnefndar.
- c) Sætún (Bakki 3) – Standsetning fyrir fuglasafn o.fl. Sveitarstjóri, oddviti og formaður F & M kynntu málið.
- d) Úthlutun styrkja v/ mótvægisáðgerða – Kynning. Sveitarstjórn fagnar fyrirbyggjandi styrkjum inn í byggðarlagið og telur að þeir staðfesti að rétt ákvörðun hafi verið að auglýsa eftir starfsmanni í 100 % starf til að sinna markaðssetningu í ferðamállum, vinna að því að efla menningartengda ferðaþjónustu og sinna verkefnum sem falla undir verksvið ferða- og menningarmálanefndar betur en unnt hefur verið m/v það fjármagn, sem til ráðstöfunar hefur verið.
- e) Styrkir til úrbóta á ferðamannastöðum / Kynning á fjárhagsáætlun v/ gönguleiða. F & M / ferða- og menningarfulltrúi munu vinna að því að ná inn styrkjum v/ verkefnisins í samræmi við áætlun þar um.
- f) Orkuleit 2008. Sótt hefur verið um áframhaldandi styrki til orkuleitar. Sveitarstjórn staðfestir umsóknina og mun endurskoða framlag sveitarfélagsins til verkefnisins ef þurfa þykir.
- g) Framlenging á þjónustusamningi við Markaðsstofu Austurlands. Drög að samningi lágu fyrir fundinum. Þau staðfest og sveitarstjóra veitt heimild til að undirrita hann.
- h) Endurskoðun á gjaldskrá Héraðsbókasafns Djúpavogs. Fyrir liggur hugmynd að breyta innheimtu vegna útleigu á bókum enda skila þau nánast engu. Í þess stað verði aðrar greiðslur hækkaðar í samræmi við upplýsingar er fyrir lágu fundinum. Sveitarstjóra í samráði við form. F & M falið að vinna nýja gjaldskrá til staðfestingar á næsta fundi sveitarstjórnar sem taki mið af upplýsingum er fyrir liggja.
- i) Málefni Tónlistarskóla. Staðfest ráðning Jozsef Gabrieli-Kiss frá Ungverjalandi í starf skólustjóra Tónlistarskóla Djúpavogs frá og með hausti 2008 og þar með samkomulag sveitarstjóra við hann vegna málsins.
- j) Kynnt tilboð í landspildu í Hamarsfirði. Sveitarstjórn lýsir ánægju með tilboðið og felur oddvita og sveitarstjóra að vinna að frágangi kaupsamnings og uppbyggingaráætlun í samræmi við hugmyndir tilboðsgjafa.

#### **2. Fundargerðir:**

- a) F&M 10. marz 2008. Lögð fram til kynningar.
- b) Hafnarnefnd 11. marz 2008. Sveitarstjórn fagnar góðri rekstrarafkomu hafnarsjóðs árið 2007 skv. bráðabirgðauppjöri og tekur undir lið bókun nefndarinnar í lið 5 varðandi

móttöku sorps og bætta umgengni á hafnarsvæðinu. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

- c) SBU 26. feb. 2008. Undir þessum lið var fjallað um lið 6, umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði HAUST og tekur sveitarstjórn undir álit SBU. Vegna liðar 8 „erindi v/ efnistöku úr Rauðabergi í Rauðuskriðum“ tekur sveitarstjórn undir með nefndinni að ganga verði varlega um náttúrugæði þau, sem um ræðir og staðfestir hámarks magn það sem hún leggur til. Einnig er staðfest hugmynd nefndarinnar um lágmarksverð. Sveitarstjórn vill beita sér fyrir því að svæðið verði tekið út svo auðvelda megi ákvarðanatöku um áframhaldandi efnistöku. Vegna liðar 9 staðfestir sveitarstjórn byggingarleyfi (viðbygging) fyrir bæinn Runná á Berufjarðarströnd.
- d) Landbúnaðarnefnd 12. apr. 2008. LBN leggur til veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi refaveiða á komandi veiðitímabili. Ljóst er að þær myndu leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarsjóð. Fyrir liggur að Samband ísl. sveitarfélaga hefur ekki, þrátt fyrir umtalsverða viðleitni, náð niðurstöðu við ríkisvaldið um aukið fjármagn til verkefnisins. Fyrir fundinum lá útreikningur sveitarstjóra vegna kostnaðar m/v fyrirliggjandi tillögur að gefnum ákv. forsendum. Samþykkt að fresta afgreiðslu og fela LBN að útfæra hugmyndirnar nánar og kostnaðarreikna með fulltr. frá sveitarstjórn.
- e) SKA (Skólaskrifstofa Austurlands) 28. feb. 2008. Lögð fram til kynningar.
- f) Félagsmálanefnd 28. jan., 27. feb. og 31. marz 2008. Lagðar fram til kynningar.
- g) Fundarg. SBU 14. apríl 2008. Í samræmi við tilmæli SBU var samþ. samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að hlutast til um það við samgönguuyfirvöld að þau sjái til þess að malarkaflar í botni Berufjarðar og frá Skriðuvatni verði boðnir út samhliða framkvæmdunum á Öxi. Þessir kaflar tengjast báðir Axarvegi og ljóst er að náð yrði hagkvæmari tilboðum í þá í heild ef öll verkin yrðu boðin út í einu lagi.

### 3. Erindi og bréf:

- a) SÍS, dags. 4. marz 2008. Skólamálastefna SÍS. Lagt fram til kynningar.
- b) Samgönguráðuneytið, dags. 12. marz 2008. Varðar frágang ársreikninga. Lagt fram til kynningar.
- c) Samgönguráðuneytið, dags. 26. marz 2008. Svar við fyrirspurn sveitarstjóra hvort og þá hvenær veggöng milli Berufjarðar og Skriðdals séu áætluð m/v fyrirliggjandi samgönguáætlanir. Í svarinu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir ofangreindri tengingu í áætlunum fyrir næstu 12 ár, þ.e. til ársins 2020.
- d) Húsafriðunarnefnd, dags. 18. marz 2008. Tilkynning um styrk á fjárlögum 2008. Oddviti og form. F & M gerðu grein fyrir fundi með talsmönnum Húsafriðunarnefndar fyrr um daginn.
- e) Landgræðsla Ríkisins, dags. 19. marz 2008. Tilboð um kynningu á „héraðsáætlunum“ og samráð / samvinnu vegna slíks verkefnis. Samþ. samhljóða að taka tilboðinu og jafnframt að tilnefna form. SBU sem tengilið varðandi áframhaldandi samskipti.
- f) Félag leikskólakennara, dags. 19. marz 2008. Ályktanir frá aðalfundi 13. og 14. marz 2008 lagðar fram til kynningar.
- g) Seyðisfjarðarkaupstaður, dags. 27. marz 2008. Lögð fram til kynningar ályktun bæjarráðs SFK v/ ákv. Fasteignamats ríkisins að leggja niður starfsstöð á Egilsstöðum. Sveitarstjórn tekur undir bókunina. Sveitarstjóri Djúpavogshrepps, sem jafnframt er form. SSA gerði grein fyrir aðkomu SSA að málinu og upplýsti jafnframt að á vegum SSA væri nú verið að kalla eftir upplýsingum er varða breytingar á þjónustu ýmissa opinberra stofnana úti á landi og samhliða fækkun opinberra starfa. Ennfremur yrði kallað eftir skýringum á því, hvernig greinilegur samdráttur samræmist stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar og áformum um að treysta byggð og fjölga opinberum störfum úti á landsbyggðinni.
- h) Ásmundur Ásmundsson, dags. 29. feb. 2008. Í bréfinu og fylgigögnum setur bréfitari fram hugmynd(ir) um styttingu vegalengda milli Hafnar í Hornafirði og Vopnafjarðar, m.a. með veggöngum. Með erindinu fylgir grein, sem birtist í Austurglugganum fyrr á þessu ári. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps telur erindið ekki tækt til afgreiðslu þar sem framsetning þess er að hennar mati óvönduð og illa upplýsandi. T.d. eru engar haldbærar áætlanir eða raunsæjar fjárhæðir settar fram, sem hægt er að byggja á. Hins

vegar fagnar hún áður óþekktum áhuga bréfitara um samgöngubætur er tengjast hagsmunum íbúa Djúpavogshrepps. Sveitarstjórnin tekur fram að hún gerir sér vel grein fyrir að samgöngumál snúast fyrst og síðast um fjármuni til raunhæfra framkvæmda, en ekki um draumórakenndar tillögur sem engar líkur eru á að náist að fjármagna.

**4. Samþykkt v/ húsbíla og sambærilegra farartækja.**

Fyrirliggjandi drög að samþykkt borin upp til staðfestingar. Þau staðfest samhljóða. Samþykktin verður sett á heimasíðu sveitarfélagsins.

**5. Kosningar:**

- a) Aðalmaður í skólanefnd í stað Gunnars Steins Gunnarssonar, sem fluttur er úr byggðarlaginu, var kjörinn Hafliði Sævarsson. Varamaður í hans stað var kjörinn Óðinn Sævar Gunnlaugsson.
- b) Aðalmaður í húsnaðisnefnd í stað Birgis Thorberg Ágústssonar, sem vinnur utan byggðarlagsins og hefur beðizt undan setu í nefndinni, var kjörinn Ólafur Björnsson.

**6. Skipulagsmál:**

- a) Nýtt aðalskipulag Djúpavogshreppsstaða mála. Form. SBU kynnti stuttlega málið. M.a. kom fram í máli hans að aðalskipulagið hefur nú verið sent til umsagnar hjá ýmsum stofnunum og verður kynningarfundur haldinn meðal íbúa þegar því ferli er lokið.

**7. Skýrsla sveitarstjóra:**

- a) Kynntar hugmyndir um vinnslu mynddísks v/ 400 ára afmælis Djúpavogs frá 1989 og kostnaðaráætlun því samfara. Hún staðfest og þar með heimild til að hrinda verkinu af stað skv. fyrirliggjandi vinnuþlani.
- b) Umgengni / stöðuleyfi. Sveitarstjóri kynnti dræm viðbrögð við áform um gjalddöku v/ stöðu gáma / óskráðra eigna í byggðarlaginu. Honum falið að þrýsta á um framgang málsins og einnig veitt heimild til að ganga til innheimtu í samráði við lögmann sveitarfélagsins.
- c) Hlíðarendi. Staða mála v/ byggingaráforma.
- d) Búmenn – til kynningar.
- e) Erindi frá stjórn Golfklúbbsins til kynningar.
- f) Hálfuvarnir og snjósmokstur við stofnanir sveitarfélagsins. Oddviti kynnti bréf frá skólastjóra grunnskólans varðandi hálfuvarnir og snjósmokstur við grunnskólans. Hann bar upp tillögu þess efnis að sett yrði aukið fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða og forstöðumaður Áhaldahússins fengi skýra heimild að kalla til snjóruðningstæki og/eða vinna að hálfuörnum við stofnanir sveitarfélagsins, þegar hann teldi þörf á. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- g) Undir þessum lið tók Tryggvi Gunnlaugsson til máls tilkynnti sveitarstjórn að hann yrði fjarverandi næsta árið og óskaði eftir ársleyfi frá störfum í sveitarstjórn og hafnarnefnd frá og með 1. maí. Sveitarstjórn fellst á beiðni TG og óskar honum alls hins bezta í fjarveru hans. Varamaður Tryggva, Sigurður Ágúst Jónsson, tekur sæti Tryggva frá sama tíma.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 19:10.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.